

0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

0.1 Heiti

Vísitölur inn- og útflutnings vöruviðskipta við útlönd

0.2 Efnisflokkur

Utanríkisverslun, vöruviðskipti við útlönd

0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Hagstofa Íslands

Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál

Haukur Viðar Guðjónsson, sérfræðingur

Sími 528 1135

Póstfang haukur.gudjonsson@hagstofa.is

0.4 Tilgangur og aðdragandi

Vísitölur inn- og útflutnings mæla ársfjórðungslegar verðbreytingar á inn- og útflutningi á vöru. Vísitölurnar hafa verið notaðar til staðvirðingar í þjóðhagsreikningum, til að reikna viðskiptakjör Íslands við útlönd og almennt til greiningar á utanríkisverslun.

0.5 Notendur og notkunarsvið

Notendur eru opinberir aðilar, greiningaraðilar, fyrirtæki auk almennings sem nota verð- og magnþróun vöruviðskipta við útlönd í margvíslegum tilgangi, t.a.m. til efnahagsrannsókna og markaðsrannsókna.

0.6 Heimildir

Upplýsingar um vöruviðskipti við útlönd byggjast að mestu leyti á aðflutningsskýrslum innflytjenda og útflutningsskýrslum útflytjenda sem Hagstofa fær frá Tollstjóra. Þessar upplýsingar eru yfirfarnar og leiðréttar eins og kostur er. Oft er haft samband við viðkomandi innflytjendur og útflytjendur til nánari útskýringa eða til leiðréttingar.

Víðar er leitað upplýsinga um vöruviðskipti við útlönd en af tollskýrslum. Má þar nefna að Samgöngustofa gefur upplýsingar um kaup og sölu á flugvélum og skipum og er haft samband við hlutaðeigandi kaupendur og seljendur til nánari upplýsinga. Hagstofan sendir einnig út mánaðarlega könnun til að afla upplýsinga um kaup og sölu á skipum og flugvélum sem koma ekki til landsins auk kaupa innlendra skipa og flugvéla á olíu erlendis.

0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Samþykktir Sameinuðu þjóðanna um grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.

0.8 Svarbyrði við innsöfnun

Hverjum innflytjanda og útflytjanda er skylt að skila inn tollskýrslu fyrir innflutning og útflutning á vöru. Að auki leitar Hagstofan upplýsinga hjá fyrirtækjum. Svarbyrði þeirrar upplýsingaleitar er lítil þar sem í flestum tilfellum er leitað nánari útskýringa á upplýsingum sem áður hafa verið gefnar.

0.9 Ákvæði vegna EES og ESB

Reglugerðir 471/2009, 92/2010 og 113/2010 með breytingum og viðaukum.

1. Efni

1.1 Efnislýsing

Í meginatriðum fylgja vísitölur inn- og útflutnings leiðbeiningum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um aðferðafræði á bak við reikning á þess háttar vísitölum (International Monetary Fund: Export and Import Price Index Manual – Theory and Practice (2009)). Í grunninn er um að ræða Fisher-vísitölu sem mælir breytingu á einingarverði á inn- eða útflutningi frá einum ársfjórðungi til annars. Fisher-vísitala er margfeldismeðaltal af Laspeyres- og Paasche-vísitölum, en munurinn á þeim felst í vögunum sem þær reiknast við. Laspeyres notast við vogir liðins tíma en Paasche samtímavogir, en þar sem samtímavogir liggja ekki fyrir þegar árið er að líða er til bráðabirgða reiknuð Laspeyres-vísitala fyrir fyrstu þrjá ársfjórðunga hvers árs. Þegar gögn um vöruviðskipti fyrir allt árið liggja fyrir eru ársfjórðungar þess endurreiknaðir sem Fisher-vísitölur.

Þegar útreikningum er lokið er vísitalan keðjutengd með aðferð árlegrar keðjutengingar til að mynda samfellda tímaröð.

1.2 Tölfræðileg hugtök

Verðvísitala: Mælikvarði sem dregur saman breytingar á verði í vörusafni frá einu tímabili til annars.

Laspeyres: Vísitala sem styðst við grunn liðins tíma.

Paasche: Vísitala sem styðst við nýjan grunn.

Fisher: Margfeldismeðaltal af Laspeyres og Paasche vísitölum.

2. Tími

2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Vísitölur inn- og útflutnings ná yfir heilan ársfjórðung.

2.2 Vinnslutími

Vinnslutími er u.þ.b. 1-2 dagar í hverjum ársfjórðungi, auk ýmissar eftirfylgni þegar leiðréttingar kunna að koma upp í gögnum um utanríkisviðskipti vöru.

2.3 Stundvísi birtingar

Birting er ávallt birt samkvæmt útgáfuáætlun kl. 9:00 að morgni. Útgáfuáætlunin fyrir ár hvert er birt á vef Hagstofunnar, í október.

2.4 Tíðni birtinga

Vísitölur inn- og útflutnings eru birtar ársfjórðungslega.

3. Áreiðanleiki og öryggismörk

3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Nákvæmni vísitalna inn- og útflutnings helst í hendur við undirliggjandi gögn um utanríkisverslun vöru, sjá nánar í lýsigögnum á vöruskiptum við útlönd.

3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Helsti skekkjuvaldurinn í vísitölum inn- og útflutnings er innri magnbreyting í tollskrárflokki sem verið er að bera saman milli tímabila. Ef samsetning flokks breytist á þann hátt að t.d. hlutfallslega ódýrir hlutir detta út úr honum og í staðinn koma

hlutfallslega dýrir hlutir, þá getur mælst verðhækkun á viðkomandi flokki þó svo að verð allra hluta þess haldist stöðugt.

3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar

Engar tölur um skekkju eða öryggismörk hafa verið reiknaðar út.

4. Samanburður

4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila

Vísitölur inn- og útflutnings ná eingöngu yfir það tímabil þar sem þær eru að fullu samanburðarhæfar, þó með þeirri undantekningu að árið 2013 var eldsneyti sem keypt var erlendis af skipum og flugvélum flutt úr þjónustuviðskiptum yfir í vöruviðskipti og er því meðtalið í vöruviðskiptum frá þeim tíma. Fjórða endurskoðun af SITC flokkun var tekin upp árið 2008.

4.2 Samanburður við aðrar hagtölur

Flokkurinn „0 Matur og lifandi dýr“ í verðvísitölu útflutnings svipar að einhverju leiti til verðvísitölu sjávarafurða, þar sem sjávarafurðir eru uppistaðan í hvorri vísitölunni. Aðferðafræðilega séð er þó nokkur munur á þessum tveimur vísitölum, þar sem pörun einingarverðs á sér stað með öðruvísi hætti. Verðvísitala sjávarafurða parar saman einingarverð niður á vörunúmer og fær gögn sín frá sjávarafurðaútflytjendum. Undirvísitala matar og lifandi dýra í útflutningsvísitölunni parar saman einingarverð niður á tollskrárnúmer og land, notast við gögn úr tollskýrslum og nær auk þess einnig yfir landbúnaðarvörur.

4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna

Einhver munur kann að vera á annars vegar bráðabirgðatölum, sem eru reiknaðar sem Laspeyres-vísitölur, og hins vegar lokatölum, sem eru Fisher-vísitölur. Auk þess geta undirliggjandi inn- og útflutningsgögn tekið breytingum vegna leiðréttinga. Ef metið er svo að leiðréttingarnar séu það miklar að þær hafi veruleg áhrif á vísitölurnar að þá er viðkomandi ársfjórðungur endurreiknaður sem leiðréttingin nær til.

5. Aðgangur að upplýsingum

5.1 Miðlunarleiðir

Töfluuppfærsla á viðkomandi töflum ársfjórðungslega.

5.2 Grunn gögn; varðveisla og notkunarmöguleikar

Gögn um vöruviðskipti og önnur gögn sem varða vísitölur inn- og útflutnings eru geymd í gagnabanka Hagstofunnar. Ekki er veittur aðgangur að gögnunum sjálfum, en unnt er að fá upplýsingar veittar.

5.3 Skýrslur

Aðferðafræði og flokkanir í utanríkisverslun vöru er birt er á vef Hagstofunnar.

5.4 Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um vísitölur inn- og útflutnings veitir Haukur Viðar Guðjónsson, s: 528 1135

